

AÐ KENNA UM FLÓTTAFÓLK: UMRÆÐUSPURNINGAR HVERT FER FLÓTTAFÓLK?



Sjá myndskleið: [hér](#)

Markmið: Hægt er að nota þessar spurningar til að skapa umræðu í kennslustundinni og til að meta hvort nemendur hafi öðlast skilning á grunnhugtökum um flóttafólk, alþjóðlega vernd og fólksflutninga.

Hægt er að skipta nemendum í hópa: “með” eða “á móti.”

Einnig er hægt að nota spurningarnar í umræður og skoða niðurstöður hópanna og til að skrifa ritgerðir um skoðanir nemenda á málefnum.

Aldur: Efnið hentar 15 ára nemendum og eldri.

1: Flest flóttafólk býr í þróunarlöndum nálægt heimalandi sínu.

Hvers vegna styðja ríkari lönd ekki betur við flóttafólk og taka við fleira flóttafólki?

2: Sumt flóttafólk býr í sérstökum búðum fyrir flóttafólk og eyðir stórum hluta ævi sinnar þar, eignast þar börn og giftir sig. Oft þarf flóttafólk að búa lengi í slíkum búðum vegna þess að það hefur ekki völ um annan öruggan stað.

Hver ætti að bera ábyrgð á að hjálpa flóttafólki að byggja upp farsælla líf í betra umhverfi?